

Námsgrein: Íslenska

Bekkur:6.

Tímafjöldi á viku: 6-7 kennslust.

Kennsluaðferðir og skipulag

Íslenskukennslan er skiplögð að hluta samhliða samfélagsfræði og náttúrufræði þar sem hugmyndafræði og vinnubrögð Byrjendalæsis og Orð af orði eru notuð. Leitast er við að gera nemendur meðvitaða um tungumálið og mikilvægi þess að vanda sig við ritun og lestur. Lögð verður áhersla á að málfræðikunnátta nýtist við ritun og er þannig mikilvægur þáttur í náminu.

Lestur er stór þáttur, bæði yndislestur og upplestur þar sem þjálfuð verður framsögn.

Grunnþættir menntunar

Grunnþáttur	Áhersluþættir grunnþátta menntunar
Læsi	Nemendur ná sem bestri færni í lestri og ritun
Sjálfbærni	Nemendur takist á við ýmis álitamál og ágreiningsmál í lesnum textum
Heilbrigði og velferð	Jákvætt andrúmsloft skapað til íslenskunnar þannig að öllum líði vel við vinnuna
Lýðræði og mannréttindi	Nemendur þjálfist í gagnrýnni hugsun í tengslum við lestur og verkefnavinnu. Lýðræðisleg vinnubrögð verði viðhöfð þar sem sjónarmið allra fái að njóta sín.
Jafnrétti	Nemendur fái verkefni við hæfi hvers og eins. Unnið að því að skapa námsumhverfi sem byggir á jafnrétti.
Sköpun	Umræður um ólíka texta verði til þess að nemendur myndi sér sjálfstæðar skoðanir. Ritunarverkefni og hópaverkefni verði markvisst notuð með sköpunarferli í huga, s.s. þemaverkefni

Viðfangsefni	Námsefni	Hæfniviðmið/ markmið	Mat
Íslensk málfræði, stafsetning og ritun	Vanda málið - Ekki málið (vinnubók 1)	<p>Stafrófsröð Að nemendur: -þjálfí stafrófsröðina og átti sig á mikilvægi og þægindum af því að kunna hana</p> <p>Nafnorð Að nemendur: -rifji upp einkenni nafnorða og átti sig á stöðu þeirra í tungumálinu</p> <p>Lýsingarorð Að nemendur: -læri um einkenni lýsingarorða og stöðu þeirra í tungumálinu</p> <p>Sagnorð Að nemendur: -læri um einkenni sagnorða og stöðu þeirra í tungumálinu</p> <p>Notkun málsins Að nemendur: - skoði notkunarmöguleika íslenskunnar frá ýmsum hliðum, m.a. með fjölbreyttum ritunarverkefnum, orðaleikjum, krossgátum, krossglímum, spurningakeppnum og fleiri viðfangsefnum</p>	<p>-Matsverkefni sem fylgja námsefninu</p> <p>-Símat og umsögn á vinnu í verkefnabók</p> <p>-Mat á hópavinnu</p>
Fjölbreyttir bókmenntatextar lesnir, ræddir og verkefni unnin út frá umræðum	Vanda málið – Minnsta málið (lesbók 1)	<p>Að nemendur: -lesi/hlusti á bókmenntatexta sér til gangs og ánægju</p> <p>-taki þátt í umræðum og geti rökstutt skoðun sína</p> <p>-þekki nokkur hugtök bókmenntafræðinnar</p>	<p>-Umsögn þar sem vinna tímabilsins er metin</p>

Lestur – lesskilningur og yndislestur	Fjölbreytt lesefni – námsefni og efni valið af nemendum	Að nemendur: -lesi sér til gagns og ánægju -þjálfí ólíkar lestraraðferðir og kunni að beita þeim við ólíkar aðstæður	-Lesturpróf (hraða- og framburðarpróf) samkvæmt viðmiðum og lestrarstefnu skólans -Orðarún - lesskilningspróf
Ritun	Frjáls og stýrð ritun í dagbók.	Að nemendur geti: -skrifað læsilega og af öryggi með persónulegri rithönd. -samið texta þar sem beitt er eigin sköpun, notið þess að tjá hugmyndir sínar og reynslu og veitt öðrum hlutdeild með því að kynna ritunina eða leyfa öðrum að lesa. -beitt helstu atriðum stafsetningar og greinamerkjasetningar og hafi náð valdi á þeim.	-Dagbók nemenda metin og umsögn gefin.

Námsgrein: Íslenska

Bekkur:7.

Tímafjöldi á viku: 6 – 7 kennslust.

Kennsluáðferðir og skipulag

Íslenskukennslan er skiplögð að hluta samhliða samfélagsfræði og náttúrufræði þar sem hugmyndafræði og vinnubrögð Byrjendalæsis og Orð af orði eru notuð. Leitast er við að gera nemendur meðvitaða um tungumálið og mikilvægi þess að vanda sig við ritun og lestur. Lögð verður áhersla á að málfræðikunnátta nýtist við ritun og er þannig mikilvægur þáttur í náminu.

Lestur er stór þáttur, bæði yndislestur og upplestur þar sem þjálfuð verður framsögn.

Grunnþættir menntunar

Grunnþáttur	Áhersluþættir grunnþátta menntunar
Læsi	Nemendur lesi margvíslega texta og þjálfist í að beita gagnrýninni hugsun við úrvinnslu bæði bókmenntatexta og nytjatexta.
Sjálfbærni	Skapað verður náms- og vinnuumhverfi þar sem nemendur verða samábyrgir.
Heilbrigði og velferð	Reynt verður að efla sjálfstæði nemenda í vinnu með því að gefa þeim tækifæri til að vinna áhugasviðsverkefni. Markmiðið er að efla sjálfsmynd nemenda og sjálfstæði í námi.
Lýðræði og mannréttindi	Leitast er við að virða rétt allra nemenda og ákvarðanir teknar sem oftast á lýðræðislegan hátt. Um leið verður tillit tekið til þarfa einstakra nemenda og ábyrgðar þeirra á náminu.
Jafnrétti	Jafnrétti nemenda á ólíkum forsendum verður haft í fyrirrúmi, þar sem eiginleikar og þarfir hvers og eins verða hafðar að leiðarljósi.
Sköpun	Nemendur vinna margvísleg verkefni þar sem sköpunarkrafturinn fær að njóta sín. Tækifæri verða til að miðla verkum til annarra.

Viðfangsefni	Námsefni	Hæfniviðmið/ markmið	Mat
Íslensk málfræði, stafsetning og ritun	Vanda málið – minnsta málið (vinnubók 1).	<p>Nafnorð Að nemendur: -rifji upp einkenni nafnorða og átti sig á stöðu þeirra í tungumálinu. Greini kyn, tölu og fall nafnorða í samfelldum texta. Læri kenniföll og kennimyndir nafnorða</p> <p>Lýsingarorð Að nemendur: -læri um einkenni lýsingarorða og stöðu þeirra í tungumálinu. Finni stofn lýsingarorða, stigbreyti og fallbeygi þau. Finni viðeigandi lýsingarorða í eyður setninga.</p> <p>Sagnorð Að nemendur: -læri um einkenni sagnorða og stöðu þeirra í tungumálinu. Greini tíðir, tölu og persónu sagnorða og beygi með fornöfum og nafnorðum.</p> <p>Fornöfn Að nemendur: -læri helstu einkenni fornafna -læri persónufornöfn í íslensku.</p> <p>Orðflokkagreining Að nemendur: -greini í orðflokka, þ.e. nafnorð, lýsingarorð og sagnorð.</p> <p>Notkun málsins Að nemendur: - skoði notkunarmöguleika íslenskunnar frá ýmsum hliðum, m.a. með fjölbreyttum ritunarverkefnum, orðaleikjum, krossgátum, krossglímum, spurningakeppnum og fleiri viðfangsefnum</p>	Matsverkefni sem fylgja námsefninu Símat og umsögn á vinnu í verkefnabók Mat á hópavinnu.

Fjölbreyttir bókmenntatextar lesnir, ræddir og verkefni unnin út frá umræðum	Vanda málið - Minnsta málið (lesbók 1)	Að nemendur: -lesi/hlusti á bókmenntatexta sér til gangs og ánægju -taki þátt í umræðum og geti rökstutt skoðun sína -þekki nokkur hugtök bókmenntafræðinnar -vinni verkefni úr textanum sem snúast um málfræði, málskilning og málnotkun	Umsögn þar sem vinna tímabilsins er metin
Lestur – lesskilningur og yndislestur	Fjölbreytt lesefni – náms efni og efni valið af nemendum	Að nemendur: -lesi sér til gagns og ánægju -þjálfði ólíkar lestraraðferðir og kunni að beita þeim við ólíkar aðstæður	
Ritun	Frjáls og stýrð ritun í dagbók.	Að nemendur geti: -skrifað læsilega og af öryggi með persónulegri rithönd. -samið texta þar sem beitt er eigin sköpun, notið þess að tjá hugmyndir sínar og reynslu og veitt öðrum hlutdeild með því að kynna ritunina eða leyfa öðrum að lesa. -beitt helstu atriðum stafsetningar og greinamerkjasetningar og hafi náð valdi á þeim.	-Dagbók nemenda metin og umsögn gefin.

Námsgrein: Stærðfræði

Bekkur: 6.

Tímafjöldi á viku: 4 kennslustundir á viku .

Kennsluáðferðir og skipulag

Bein kennsla

Samvinnunám

Einstaklingskennsla/einstaklingsmiðað nám

Sýnikennsla

Umræðu og spurnaraðferðir

Töflukennsla

Grunnþættir menntunar

Grunnþáttur	Áhersluþættir grunnþátta menntunar
Læsi	Að nemendur verði læsir á tölur.
Sjálfbærni	Að nemendur öðlist til þess að vinna með tölur í daglegu lífi.
Heilbrigði og velferð	Að nemendur fái nám við hæfi og líði þannig vel í skólaumhverfinu.
Lýðræði og mannréttindi	Að nemendur geti aðstoðað hvort annað ef þess er þörf og beri virðingu fyrir skoðunum hvors annars.
Jafnrétti	Að nemendur geti unnið hlið við hlið í mismunandi verkefnum og allir fái sama möguleika til náms.
Sköpun	Nemendur byggja ofan á fyrri þekkingu.

Viðfangsefni	Námsefni	Hæfniviðmið/ markmið	Mat
Tölur og reikningur	Stika 2a	Tugakerfið. Námundun og slumpreikningur. Samlagning, frádráttur, margföldun og deiling. Negatífar tölur. Talnarunur.	Kaflapróf 10%
Líkur	Stika 2a	Tilviljanir, óvissa og möguleikar. Miklar eða litlar líkur. Líkur sem brot milli 0 og 1.	Kaflapróf 10%
Tugabrot	Stika 2a	Tíundu hlutar, hundaraðshlutar og þúsundustu hlutar. Talnamyntur með tugabrotum. Samlagning, frádráttur og margföldun með tugabrotum. Að giska á svör, reikna með slumpreikningi og námunda tölur.	Kaflapróf 10% Samvinnupróf 10%
Rúmfræði	Stika 2a	Að búa til þrívíða hluti. Að teikna form og aðrar myndir í þrívídd. Að læra um eiginleika og einkenni tvívíðra og þrívíðra forma.	Kaflapróf 10%
Mælingar	Stika 2b	Þyngd: Nota mælieiningar eins og grömm, hektógrömm, kílógrömm og tonn. Rúmmál: Nota mælieiningar eins og millilítri, sentílítri og desilítri, líter. Reikna rúmmál ferstrendinga. Reikna tíma.	Kaflapróf 10% Hópverkefni 10%

Almenn brot	Stika 2b	Almenn brot sem hluti af heild. Sem hluti af safni. Almenn brot sem eru jafngild. Stytting og lenging almennra brota. Samlagning, frádráttur og margföldun almennra brota.	Kaflapróf 10%
Margföldun og deiling	Stika 2b	Skriflegar reiknisaðferðir í margföldun og deilingu. Reikna dæmi úr daglegu lífi. Margfalda tugabrot. Nota vasareikni. Nota margföldunartöflur. Nota hugarreikning.	Kaflapróf 10%
Hnitakerfi	Stika 2b	Læra um staðsetningu, speglun og hreyfingu í hnitakerfi. Læra um hlutfallareikning til dæmis mælikvarða, vegalengd og hraða, kaup sölu og erlendan gjaldeyrir. Uppskriftir.	Kaflapróf 10%

Námsgrein: Stærðfræði

Bekkur:7.

Tímafjöldi á viku: 4 kennslustundir á viku
kennsluaðferðir og skipulag

Bein kennsla

Samvinnunám

Einstaklingskennsla/einstaklingsmiðað nám

Sýnikennsla

Umræðu og spurnaraðferðir

Töflukennsla

Grunnþættir menntunar

Grunnþáttur	Áhersluþættir grunnþátta menntunar
Læsi	Að nemendur verði læsir á tölur.
Sjálfbærni	Að nemendur öðlist þekkingu til þess að vinna með tölur í daglegu lífi.
Heilbrigði og velferð	Að nemendur fái nám við hæfi og líði þannig vel í skólaumhverfinu.
Lýðræði og mannréttindi	Að nemendur geti aðstoðað hvort annað ef þess er þörf og beri virðingu fyrir skoðunum hvors annars.
Jafnrétti	Að nemendur geti unnið hlið við hlið í mismunandi verkefnum og allir fái sama möguleika til náms.
Sköpun	Nemendur byggja ofan á fyrri þekkingu.

Viðfangsefni	Námsefni	Hæfniviðmið/ markmið	Mat
Mælingar	Stika 2b	Þyngd: Nota mælieiningar eins og grömm, hektógrömm, kílógrömm og tonn Rúmmál: Nota mælieiningar eins og millilítri, sentilítri, desilítri og líter Reikna rúmmál ferstrendinga Reikna tíma	Kaflapróf 10%

Almenn brot	Stika 2b	Almenn brot sem hluti af heild Sem hluti af safni Almenn brot sem eru jafngild Stytting og lenging almennra brota Samlagning, frádráttur og margföldun almennra brota	Kaflapróf 10%
Margföldun og deiling	Stika 2b	Skriflegar reiknisáðferðir í margföldun og deilingu Reikna dæmi úr daglegu lífi Margfalda tugabrot Nota vasareikni Nota margföldunartöflur Nota hugarreikning	Kaflapróf 10%
Hnitakerfi	Stika 2b	Læra um staðsetningu, speglun og hreyfingu í hnitakerfi Læra um hlutfallareikning til dæmis mælikvarða, vegalengd og hraða, kaup- sölu og erlendan gjaldeyrir Uppskriftir	Kaflapróf 10%
Tölur	Stika 3a	Að læra um stórar og litlar tölur Sætisgildi Negatífar tölur Tugabrot Samlagningu og frádrátt	Kaflapróf 10%
Tölfræði og líkur	Stika 3a	Gera tölfræðilegar kannanir Læra um súlurit, línurit og skífurit Læra um tíðasta gildi, miðgildi og meðaltal Læra um líkur í daglegu lífi Reikna einfaldar líkur	Kaflapróf 10%
Margföldun og deiling	Stika 3a	Læra um margföldun og deilingu Margföldun og deilingu tugabrota Hlutfallareikningur Fjölda möguleika á raða hlutum Frumtölur og samsettar tölur Reikna dæmi með sviga	Kaflapróf 10%

Rúmfræði	Stika 3a	Læra um heiti horna, mæla horn og reikna stærð þeirra Þekkja stærð grannhorna og topphorna Læra um heiti ýmissi hluta hrings til dæmis miðja hrings, geisli, þvermál, ummál og geiri Að teikna einfaldar myndir af hornum og þríhyrningum Eiginleikar marghyrninga Samsíða línur Horn og hliðarlengdir Eins myndir og form Einslaga myndir og form	Kaflapróf 10%
Mælingar	Stika 3b	Læra um ummál og flatarmál Yfirborðsflatarmál og rúmmál Tíma og tímaútreikninga Tengsl vegalengdar, hraða og tíma	Kaflapróf 10%
Almenn brot og prósent	Stika 3b	Almenn brot sem hluta af heild og sem hluta af safni Um samlagningu, frádrátt og margföldun almennra brota Prósent sem hluta af heild og sem hluta af safni Tengsl almennra brota, tugabrota og prósentu Reikning með prósentum	Kaflapróf
Reikningur	Stika 3b	Prósentureikningur Námundun og slumpreikningur Reikniaðgerðirnar fjórar Sviga í reikningi Formúlur í töflureikningi	Kaflapróf 10%
Mynstur og algebra	Stika 3b	Læra um rúmfræðileg mynstur Eins myndir sem fást með flutningum, hliðrun, speglun og snúningi Myndtölur og talnamynstur Algebra Jöfnur	Kaflapróf 10%

Námshgrein: Enska

Bekkur: 6.-7.

Tímafjöldi á viku: 1 og ½ kennslustund

Kennsluáðferðir og skipulag

Innlagnir, einstaklingsvinna, paravinna, vinnubókarvinna, hópavinna, skriflegar æfingar, samræður og hlustun

Grunnpættir menntunar

Grunnpáttur	Áherslupættir grunnpátta menntunar
Læsi	Nemendur geti lesið sér til gagns og gamans auðvelda texta, úr bókum, blöðum eða fjölmiðlum.
Sjálfbærni	Nemendur vinni sjálfstætt að ákveðnum verkefnum. Nemendur læri að taka afstöðu með eða á móti hinum ýmsu álitamálum og ágreiningsefnum, á lýðræðislegan hátt, bæði með ritun og framsögn.
Heilbrigði og velferð	Að skapaður sé jákvæður skólabragur þar sem markvisst er hugsað um þroska og heilbrigði frá ýmsum hliðum og að nemandi geti unnið út frá sínum styrkleikum með það að markmiði að styrkja sjálfsmyndina.
Lýðræði og mannréttindi	Nemendur læri að taka meiri ábyrgð á eigin námi og hafi val um ýmislegt sem að því lýtur s.s. verkefnaval.
Jafnrétti	Með fjölbreyttum kennsluáðferðum sem byggja á samvinnu, hópavinnu og þemavinnu er lögð áhersla á jafnrétti. Nemendur læra að virða skoðanir og sjónarmið hvers annars, hlusta á hvern annan og taka tillit til skoðana hvors annarra.
Sköpun	Nemendur vinna ýmis verkefni þar sem reynir á sköpun, s.s. gerð veggspjalda og sögugerð.

Unnið verður með hæfniviðmið við lok 2. stigs (miðstigs) skv. aðalnámskrá grunnskóla.

Viðfangsefni	Námsefni	Hæfniviðmið/ markmið	Mat
Vinnuhefti	Almenn þekking hefti	Að nemendur þekki grunnatriði í ensku svo sem eins og tölurnar, litina og fleira.	Yfirfara hefti og skipta í hópa að einhverju leyti út frá stöðu nemanda.
Raðtölur Mánuðir lýsingarorð	Action lesbók/vinnubók B Build Up 2, vinnubók	Þjálfist í notkun raðtalna. Læri mánaðaheiti og kynnist stjórnumerkjunum. Læri einföld atriði í tengslum við lýsingarorð.	Kaflapróf 10%
Heilbrigður lífsstíll Atriði í tengslum við sagnorð	Action lesbók/vinnubók B Build Up 2, vinnubók	Fái upplýsingar um heilbrigðan lífsstíl og þjálfist í notkun orðaforða sem tengist honum. Rýni í eigin lífsstíl til að stuðla að aukinni Sjálfsvitund. Læri einföld atriði í tengslum við sagnorð.	Ritunarverkefni 10%
Orðaforði í tengslum við fréttir og sögur Tími og klukka Algengar forsetningar	Action lesbók/vinnubók B Build Up 2, vinnubók	Þjálfist í notkun orðaforða sem oft kemur fyrir í sögum, fréttum og sjónvarpi. Þjálfist í að nota orðaforða tengdan tíma og klukku. Þjálfist í notkun á algengum forsetningum	Kaflapróf 10%
Þjálfun í orðaforða sem tengist kvikmyndum og tímaritum. Ákveðinn og óákveðinn greinir	Action lesbók/vinnubók B Build Up 2, vinnubók Horfa á sjónvarpsþátt	Kynnist og þjálfist í að nota orðaforða sem tengist kvikmyndum, tímaritum og greinum. Rifji upp reglur um ákveðinn og óákveðinn greini.	Verkefni 10%
Orðaforði sem tengist ferðalögum Eintala og fleirtala.	Action lesbók/vinnubók B Build Up 2, vinnubók	Þjálfist í notkun orðaforða sem tengist ferðalögum. Rifji upp reglur um eintölu og fleirtölu nafnorða. Læri um Ísland og íslenska menningu og menningu í öðrum löndum.	Kaflapróf 10%

Námshgrein: Danska

Bekkur: 7.

Tímafjöldi á viku: Ein klukkustund

Kennsluáðferðir og skipulag

Í dönskunni er unnið með lesskilning og verkefnavinnu út frá lestextum, hlustunaræfingar, skriflegar æfingar og munnlegar æfingar. Tölurnar eru æfðar með því að spila bingó og reglulega yfir veturinn er hlustað á danska tónlist og verkefni unnin út frá textunum. Yfirleitt er í boði að hlusta á danska tónlist í dönskutímum. Desember er bókalaus mánuður en þá er aðeins unnið með verkefnablöð og annað efni frá kennara, allt tengt jólahaldi í Danmörku og á hinum Norðurlöndunum. Í 7. bekk horfum við á eina eða tvær danskar kvikmyndir og höfum þá danskan texta.

Grunnþættir menntunar

Grunnþáttur	Áhersluþættir grunnþátta menntunar
Læsi	Að nemendur: -geti lesið ólíka texta og beitt mismunandi lestraraðferðum. -geti skrifað einfaldar setningar á dönsku. -séu læsir á umhverfi sitt. -geti skilið danskar kvikmyndir og þætti.
Sjálfbærni	Að nemendur verði meðvitaðir um umhverfi sitt.
Heilbrigði og velferð	Að nemendur: -upplifi jákvætt andrúmsloft. -taki sjálfstæðar ákvarðanir í námi og verkefnavali.
Lýðræði og mannréttindi	Að nemendur: -fái að einhverju leyti að velja sér viðfangsefni. -fái að velja á hvaða formi þeir skila verkefnum. -fái að hafa skoðanir á námsefninu. -fái að stundum að velja með hverjum þeir vinna í hópverkefnum. -fái að velja að einhverju leyti hvaða kvikmyndir horft er á.

Jafnrétti	Að nemendur: -lesi texta með gagnrýnum augum. -vinni í hópum eða pörum til jafns á við einstaklingslega. Misjafnt er hvernig skipt er í hópa eða pör, kennari velur í hópa eða að nemendur velja sjálfir í hópa. Stundum er skipt í hópa eftir námsgetu, kyni og stundum er dregið í hópa. Samvinnunám er mikið notað í dönskunni, þar hjálpast nemendur að.
Sköpun	Að nemendur: -fái að skrifa einfalda texta frá eigin brjósti. -fái tækifæri til að teikna og vinna verkefni sín á ólíkan hátt.

Viðfangsefni	Námsefni	Hæfniviðmið/ markmið	Mat
Árstíðir, afmæli, heimilið, klukkan.	START lesbók og vinnubók. Ordkort. www.youtube.com www.nams.is	Að nemandi geti skilið það mál sem talað er í kennslustundum. Að nemandi geti lesið og skilið stutta texta.	Skriflegt próf, samvinnupróf.
Tölur	Bingóspjöld	Að nemandi skilji það mál sem talað er í kennslustundum (tölurnar).	Tölur koma fyrir á öllum könnunum og prófum.
Dagar, raðtölur og mánuðir	Hvilken dag er i dag?	Að nemandi skilji það mál sem talað er í kennslustundum.	Tölur koma fyrir á öllum könnunum og prófum. Í hverri kennslustund er spurt „Hvilken dag er i dag?“ Nemendur svara á dönsku.
Áhorf - kvikmyndir	Min søsters børn alene hjemme eða Min søsters børn vælter Jylland. Far til fire.	Að nemandi geti fylgst með einföldu efni í myndmiðlum.	Umræður og verkefni að lokinni hverri mynd.

Náttúrufræði

Bekkur: 6.-7.

Tímajöldi á viku: Að jafnaði 2 kennslustundir á viku.

Kennsluaðferðir og skipulag

Leitast verður við að hafa kennsluaðferðir og nám sem fjölbreyttast. Kennsluaðferðir sem notast verður við eru m.a.: Bein kennsla, samvinnunám einstaklingskennsla/einstaklingsmiðað nám, sýnikennsla, umræður, töflukennsla og verklegar æfingar.

Grunnþættir menntunar

Grunnþáttur	Áhersluþættir grunnþátta menntunar
Læsi	Nemendur geti lesið í umhverfi sitt og það helsta í nánasta umhverfi og þjálfist í að beita gagnrýnni hugsun.
Sjálfbærni	Skapað verður náms- og vinnuumhverfi þar sem nemendur verða samábyrgir.
Heilbrigði og velferð	Reynt verður að efla sjálfstæði nemenda í vinnu og námi og efla sjálfmynd nemenda.
Lýðræði og mannréttindi	Leitast er við að virða rétt allra nemenda og ákvarðanir teknar sem oftast á lýðræðislegan hátt. Um leið verður tillit tekið til þarfa einstakra nemenda og ábyrgðar þeirra á náminu.
Jafnrétti	Jafnrétti nemenda á ólíkum forsendum verður haft í fyrirrúmi, þar sem eiginleikar og þarfir hvers og eins verða hafðar að leiðarljósi.
Sköpun	Nemendur vinna margvísleg verkefni þar sem sköpunarkrafturinn fær að njóta sín. Tækifæri verða til að miðla verkum til annarra.

Viðfangsefni	Námsefni	Hæfniviðmið/ markmið	Mat
Fuglar. Plöntur og tré.	Lífrikið á landi.	<ul style="list-style-type: none"> Lýst reynslu sinni, athugun og upplifun af lífverum í náttúrulegu umhverfi. Lýst einkennum plantna og dýra, stöðu þeirra í náttúrunni, tengsl þeirra innbyrðis og við umhverfi sitt. Lýst ólíkum vistkerum á heimaslóðum eða við Ísland. útskýrt hvernig aðlögun lífvera að umhverfinu gerir þær hæfari til að lifa af og fjölga sér. Frankvæmt og útskýrt einfaldar athuganir úti og inni. 	<u>Fuglaverkefni.</u> -Mat á verkefni, sjálfsmat og jafningjamat. <u>Plöntur og tré</u> -Náttúrufræðibók metin. -Vinnuhefti. -Skýrsla um þéttleika skógar.

Námsgrein: Samfélagsfræði

Bekkur: 6.-7.

Tímafjöldi á viku: 1-2

Kennsluáðferðir og skipulag:

Unnið verður í einstaklings og hópastarfi. Lögð verður áhersla á að nemendur kynnist Norðurlöndunum í hinu víðasta samhengi. Leitast verður við að fræða nemendur um gildi eins og lýðræði, jafnrétti, umhyggju og virðingu. Að nemendur læri að bregðast við áskorunum úr nærsamfélaginu og umhverfinu í krafti skynsemi sinnar. Að auka vitund við samfélag, umhverfi og menningu og átta sig á áhrifum menningar, efnahags, stjórnmála og félagslegra þátta.

Grunnþættir menntunar

Grunnþáttur	Áhersluþættir grunnþátta menntunar
Læsi	Að kunna að lesa á það sem er líkt og ólíkt með Norðurlöndunum.
Sjálfbærni	Að skapa samábyrgt samfélag þar sem sérhver einstaklingur er þroskaður sem virkur borgari, meðvitaður um gildi, viðhorf og tilfinningar sínar gagnvart hnattrænum áhrifum og jafnfræði allra jarðarbúa.
Heilbrigði og velferð	Að þau öðlist skilning á þeim áhrifum sem menning og fjölmiðlar geti haft á heilsu og líðan.
Lýðræði og mannréttindi	Að gera sér grein fyrir að forsendur lýðræðis er samábyrgð, meðvitund og virkni borgaranna sem gerir þá færa að taka þátt í að móta samfélag sitt og hafa áhrif nær og fjær.
Jafnrétti	Að átta sig á margbreytileika samfélaganna innan Norðurlandana.
Sköpun	Að átta sig á því hvernig við getum nýtt skapandi vinnubrögð í tengslum við vinnu í samfélagsfræði.

Viðfangsefni	Námsefni	Hæfniviðmið/ markmið	Mat
Norðurlöndin	Norðurlönd lesbók og vinnubók	Að kynna fyrir nemendum landslag, gróðurfar, menningu, náttúrufar, atvinnu og auðlindir Norðurlandanna	

Námsgrein: Trúarbragðafræði

Bekkur: 6.-7.

Tímafjöldi á viku: Kennt verður í lotu og er gert ráð fyrir 4 dögum í trúarbragðafræði.

Kennsluaðferðir og skipulag:

Unnið verður í einstaklings og hópastarfi. Lögð verður áhersla á að nemendur kynnist helstu siðum og menningu ólíkra trúarbragða, örva skapandi vinnubrögð og gagnrýna hugsun fyrir helstu trúarbrögðum heimsins.

Grunnþættir menntunar

Grunnþáttur	Áhersluþættir grunnþátta menntunar
Læsi	Að kunna að lesa á ýmsa texta og skoða myndir sem snúa að trúarbrögðum.
Sjálfbærni	Að skapa hugsun sem snýr að samábyrgu samfélagi þar sem nemendur eru meðvitaðir um gildi, viðhorf og tilfinningar annarra.
Heilbrigði og velferð	Að líða vel með sína eigin sannfæringu.
Lýðræði og mannréttindi	Að gera sér grein fyrir að við lifum í fjölmenningsamfélagi þar sem að allir hafa rétt á sínum skoðunum.
Jafnrétti	Að allir hafa rétt á að trú á það sem þeir vilja og draga úr fordómum.
Sköpun	Að átta sig á því hvernig við getum nýtt skapandi vinnubrögð í tengslum við trúarbrögð

Viðfangsefni	Námsefni	Hæfniviðmið/ markmið	Mat
Islam	Islam: Að lúta vilja guðs. Efni af netinu	Að nemendur kynnist helstu atriðum í tengslum við Islam. T.d guðir, helgirit, hátíðir, uppruni og fleira.	Verkefnabók 30%
Búddhatrú	Búddhatrú: Leiðin til Nirvana	Að nemendur kynnist helstu atriðum í tengslum við Búddahtrú. T.d guðir, gyðjur, helgirit, hátíðir, uppruni og fleira.	Verkefnabók 30%

Námsgrein: Íþróttir

Bekkur: 6.

Tímafjöldi á viku: 1

Kennsluaðferðir og skipulag

Hefðbundin íþróttakennsla í íþróttahöllinni og útikennsla að vori eins og veður leyfir.

Helstu viðfangsefni: Grunnþjálfun, knattleikir, frjálsar íþróttir, leikfimi, fimleikar, stöðvaþjálfun, ýmsar aðrar íþróttir og fjölbreyttir leikir.

Reynt er að nálgast meginmarkmiðin og örva þroskaþættina gegnum fjölbreytta leiki og leikrænar æfingar.

Grunnþættir menntunar

Grunnþáttur	Áhersluþættir grunnþátta menntunar
Læsi	✓ Hluti læsis er hlustun og lestur á umhverfi og líkama.
Sjálfbærni	✓
Heilbrigði og velferð	✓ Áherslur á gildi næringar og hollrar fæðu, hvíldar og hreyfingar af öllu tagi ásamt hreinlæti.
Lýðræði og mannréttindi	<ul style="list-style-type: none"> ✓ Nemendur fá að hafa einhver áhrif á einstaka kennslustundir s.s. með vali á verkefnum. ✓ Nemendum er boðið uppá fyrsta flokks aðstöðu til íþróttaiðkunar og vel menntaða kennara. ✓ Mikið er lagt uppúr samvinnu og framkomu og að tekið sé tillit til hvers og eins. ✓ Virðing skal vera gagnkvæm milli nemenda og kennara/starfsfólks. ✓ Nemendur beri virðingu fyrir allri aðstöðu íþróttahússins. ✓ Þegar skipt er í hópa eða lið, skal alltaf gætt jafnræðis.
Jafnrétti	✓ Áhersla á að allir eru jafnir óháð kyni, menningu, fötlun, aldri og búsetu og líkamsbyggingu.
Sköpun	✓ Líkamstjáning í ýmsu formi við fjölbreyttar aðstæðu.

Viðfangsefni	Námsefni	Hæfniviðmið/ markmið	Mat
Grunnþjálfun helstu íþróttagreina s.s. knattleikir, frjálsar íþróttir, leikfimi og fimleikar, stöðvaþjálfun, ýmsar íþróttir og fjölbreyttir leikir.	Útikennsla (eins og veður leyfir) hlaup, leikir og óhefðbundnar íþróttir. Íþróttahús, áhöld eftir viðfangsefni. Leikreglur helstu íþróttar.	<ul style="list-style-type: none"> ✓ Að kynna fyrir nemendum og kenna þeim undirstöðuatriði íþróttagreina ✓ Að bæta í gegnum leik og æfingar, líkamspól, kraft, hraða, viðbragð, liðleika, líkamsreisn og líkamsvitund ✓ Að læra að fylgja reglum sem einkenna hinar ýmsu íþróttagreinar ✓ Að upplifa ánægju af eigin framförum - Að auka félags, hreyfi og siðgæðisþroska ✓ Að gera nemendur meðvitaða um mikilvægi hreyfingar 	Er byggt á ástundun nemenda, vinnu í tímum, framförum og færni í ákveðnum þáttum. Lykilhæfni.

Námsgrein: Íþróttir

Bekkur: 7.

Tímafjöldi á viku: 1

Kennsluaðferðir og skipulag

Hefðbundin íþróttakennsla í íþróttahöllinni og útikennsla að vori eins og veður leyfir.

Helstu viðfangsefni: Grunnþjálfun, knattleikir, frjálsar íþróttir, leikfimi, fimleikar, stöðvaþjálfun, ýmsar aðrar íþróttir og fjölbreyttir leikir.

Reynt er að nálgast meginmarkmiðin og örva þroskaþættina gegnum fjölbreytta leiki og leikrænar æfingar.

Grunnþættir menntunar

Grunnþáttur	Áhersluþættir grunnþátta menntunar
Læsi	✓ Hluti læsis er hlustun og lestur á umhverfi og líkama.
Sjálfbærni	✓ Gera nemanda kleift að takast á við verkefni með samspili umhverfis og félagslegra þátta.
Heilbrigði og velferð	✓ Áherslur á gildi næringar og hollrar fæðu, hvíldar og hreyfingar af öllu tagi ásamt hreinlæti.
Lýðræði og mannréttindi	<ul style="list-style-type: none"> ✓ Nemendur fá að hafa einhver áhrif á einstaka kennslustundir s.s. með vali á verkefnum. ✓ Nemendum er boðið uppá fyrsta flokks aðstöðu til íþróttaiðkunar og vel menntaða kennara. ✓ Mikið er lagt uppúr samvinnu og framkomu og að tekið sé tillit til hvers og eins. ✓ Virðing skal vera gagnkvæm milli nemenda og kennara/starfsfólks. ✓ Nemendur beri virðingu fyrir allri aðstöðu íþróttahússins. ✓ Þegar skipt er í hópa eða lið, skal alltaf gætt jafnræðis.
Jafnrétti	✓ Áhersla á að allir eru jafnir óháð kyni, menningu, fötlun, aldri og búsetu og líkamsbyggingu.
Sköpun	✓ Líkamstjáning í ýmsu formi við fjölbreyttar aðstæðu.

Viðfangsefni	Námsefni	Hæfniviðmið/ markmið	Mat
Grunnþjálfun helstu íþróttagreina s.s. knattleikir, frjálsar íþróttir, leikfimi og fimleikar, stöðvaþjálfun, ýmsar íþróttir og fjölbreyttir leikir.	Útikennsla (eins og veður leyfir) hlaup, hjólreiðar, leikir og óhefðbundnar íþróttir. Íþróttahús, áhöld eftir viðfangsefni. Leikreglur helstu íþróttar.	<ul style="list-style-type: none"> ✓ Að kynna fyrir nemendum og kenna þeim undirstöðuatriði íþróttagreina ✓ Að bæta í gegnum leik og æfingar, líkamspól, kraft, hraða, viðbragð, liðleika, líkamsreisn og líkamsvitund ✓ Að læra að fylgja reglum sem einkenna hinar ýmsu íþróttagreinar ✓ Að upplifa ánægju af eigin framförum - Að auka félags, hreyfi og siðgæðisþroska ✓ Að gera nemendur meðvitaða um mikilvægi hreyfingar 	Er byggt á ástundun nemenda, vinnu í tímum, framförum og færni í ákveðnum þáttum. Lykilhæfni.

Námsgrein: Heimilisfræði.

Bekkur 6. – 7.

Tímafjöldi á viku: 3 tímar á viku í 7 vikur.

Kennsluaðferðir og skipulag: Hópastarf, samvinnunám og sýnikennsla.

Grunnþættir menntunar

Grunnþáttur	Áhersluþættir grunnþátta menntunar
Læsi	Að nemandinn geti lesið sig til um heilbrigði og næringu og skilji og geti unnið sjálfstætt eftir uppskriftum.
Sjálfbærni	Að nemandinn geri sér grein fyrir mikilvægi sjálfbærni fyrir náttúruna.
Heilbrigði og velferð	Kynnist heilbrigðum lífsstíl.
Lýðræði og mannréttindi	Við lærum að sýna hvort öðru og verkum hvors annars virðingu.
Jafnrétti	Að allir gangi í öll verk með virðingu hvort fyrir öðru.
Sköpun	Reynt að virkja sköpunargáfuna við matargerðina þannig að nemandinn leysi verkefnið á sínum forsendum.

Viðfangsefni	Námsefni	Hæfniviðmið/ markmið	Mat
Kynnast fjölbreyttri matargerð og góðum, heilbrigðum lífsstíl.	Gott og gagnlegt 3. Ungafólkið og elhússtörfín. Fjölbreytt ítarefni.	Markmið að gera nemana sjálfbjarga í flestum verkum heimilis. Gera sér grein fyrir heilbrigðum lífsstíl. Kynnast matarmenningu annara þjóða.	Símat og kannanir.

Námsgrein: Textilmennt

Bekkur: 6. – 7. bekkur

Tímafjöldi á viku: 3 kl

Kennsluáðferðir og skipulag: Sýnikennsla, verkleg kennsla, sjálfstæð vinnubrögð

Grunnþættir menntunar

Grunnþáttur	Áhersluþættir grunnþátta menntunar
Læsi	Að nemendur séu læs á umhverfi sitt í markvissum tilgangi.
Sjálfbærni	Að vinna með efni af ólíkum toga og að læra um endurnýtingu efna.
Heilbrigði og velferð	Að stuðla að heilbrigðu viðhorfi nemenda til verklegrar vinnu.
Lýðræði og mannréttindi	Að nemendur fái þjálfun verkfærni á sem flestum sviðum textilmenntar og geti nýtt sér hana til eigin sköpunar og útfærslu á eigin handverki.
Jafnrétti	Áhersla á að handverk sé jafnt fyrir bæði kynin.
sköpun	Nemendur fái að njóta þess að skapa og búa til hluti sem eru þeirra eign og enginn annar á eins.

Viðfangsefni	Námsefni	Hæfniviðmið/ markmið	Mat
Að sauma krosssaumsverk eftir eigin teikningu og hugmyndum. Að sauma svuntu í saumavél og taka upp munstur. Að sauma út með einföldum sporum á svuntuna	Að vinna munstur þar sem litum og formum er raðað saman. Læra að sauma krossspor og að telja út í stramma. Læra að sauma saman og ganga frá í fullunnið verk t.d. púða, tösku eða annað að eigin vali.	Að geta unnið eftir fyrirmælun, að geta nýtt sér efni og áhöld sem notuð eru við útsaum. Hafi öðlast færni í að nýta sér skriflegar leiðbeiningar við gerð krosssaumsmunstra. Að nemendur geti unnið saman í hóp að skapandi handverki.	Lykilþættir eru metnir í lok hvers tíma og skráðir niður. Lokamat byggist á þessu símati.